

**Sp. 47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]**  
um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson,  
Gils Guðmundsson, Sverrir Júlíusson, Geir Gunnarsson, Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu að láta nú þegar hefja athugun á því, hvar og hvenær stofnsetja skuli menntaskóla á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis.

Verði sérstaklega athugað við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um stofnsetningu menntaskóla í Hafnarfirði á næsta ári.

#### Greinargerð.

Aðsókn að menntaskólum landsins fer sívaxandi: Nú í haust innrituðust í menntaskóla landsins um 2796 nemendur, sem skiptast þannig skv. upplýsingum frá skólunum:

Menntaskólinn í Reykjavík við Lækjargötu .....	um	1025
— — — — Hamrahlíð .....	—	700
— — — — Tjörnina .....	—	356
— á Akureyri .....	—	520
— - Laugarvatni .....	—	160
— - Ísafirði .....	—	35

Samtals um 2796

Nemendur úr Reykjaneskjördæmi í menntaskólunum í Reykjavík eru um 396 og skiptast þannig:

Menntaskólinn við Lækjargötu .....	um	245
— — — — Hamrahlíð .....	—	70
— — — — Tjörnina .....	—	81

Samtals um 396

Af þessum tölum sýnist tímabært, að næsti menntaskóli verði stofnsettur í Reykjaneskjördæmi, og kemur Hafnarfjörður þá til athugunar af fjölmörgum ástæðum.

Hinn 4. febr. 1965 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. tillögu fræðsluráðs Hafnarfjarðar að beita sér fyrir stofnun menntaskóla í Hafnarfirði, og hefur bæjarstjórnin ítrekað þá samþykkt tvívegis síðan, nú síðast 22. sept. s. l., sbr. bréf, sem birt eru sem fylgiskjöl. Hefur þá jafnan verið haft í huga, að Flensborgarskóli yrði gerður að menntaskóla, samtímis því, að reistur yrði nýr gagnfræðaskóli í Hafnarfirði, en á fjárlögum þessa árs var veitt fjárhæð til greiðslu undirbúningskostnaðar.

Yrði hafin kennsla haustið 1971 við 1. bekk menntaskóla, mundu fyrstu stúdentarnir útskrifast 1975, og ætti þá bygging gagnfræðaskólans að einhverjum hluta að vera komin í notkun.

Það er skoðun flutningsmanna, að öll söguleg rök mæli með því, að Flensborgarskóli verði gerður að menntaskóla, og það sýnist nú orðið tímabært að stofna næsta menntaskóla á þéttbýlissvæðunum í Reykjaneskjördæmi.

#### Fylgiskjal I.

HAFNARFJARÐARBÆR  
BÆJARSTJÓRI

Hafnarfirði, 6. maí 1969.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 29. apríl 1969 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Í tilefni frumvarps til laga um menntaskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi, ítrekar bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt sína frá 4. febrúar 1965 um stofnun mennta-

skóla í Hafnarfirði og beinir því jafnframt til hæstvirts Alþingis, að við afgreiðslu frumvarpsins verði ákveðið að staðsetja menntaskóla í Hafnarfirði.“

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson.

**Fylgiskjal II**

**HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR**

**BÆJARRITARI**

Hafnarfirði, 23. sept. 1970.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 22. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Í framhaldi af fyrri samþykkt bæjarstjórnar um stofnun menntaskóla í Hafnarfirði og samkvæmt ósk fræðsluráðs þá samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að beina því til alþingismanna kjördæmisins, að þeir beiti sér fyrir því við Alþingi og stjórnvöld landsins, að stofnaður verði menntaskóli í Hafnarfirði. Yrði að því stefnt, að skólinn gæti hafið starfsemi sína haustið 1971, þannig að fyrstu nemendur ljúki námi 1975.“

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Ólafsson.